

Bekkur: 4. bekkur Námsgrein: Lykilhæfni Kennarar: Allir sem kenna bekknum
Námsgögn: Samfléttað við aðrar námsgreinar
Lykilhæfni: Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd og fléttast inn í alla kennslu og námsmat
Námsmat: Símat jafnt og þétt yfir árið.

Lykilhæfni	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
Skilgreining	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skírt og áheyrilega	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.	Hæfni til að vinna sjálfstætt í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingaleit úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
Matsviðmið	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáð hugsanir mínar og skoðanir • Hlustað á aðra • Tjáir sig í umræðum 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnir frumkvæði • Er skapandi við vinnu og lausn verkefna 	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnur vel með öðrum og er virkur í hópastarfi • Fer eftir fyrirmælum 	<ul style="list-style-type: none"> • Aflar sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt • Miðlar upplýsingum til annarra 	<ul style="list-style-type: none"> • Leggur mat á vinnu sína • Nýtir tíma sinn vel til vinnu • Fer eftir fyrirmælum

Bekkur: 4.bekkur
Námsgrein: Íslenska
Kennarar: Vigdís Elva og Inga Jóna

Námstögn: Byrjendalæsi, Kennt eftir markmiðum Aðalnámskrár - verkefni bæði bókleg og gagnvirk eru tekin héðan og þaðan

Námsmat: Fjölbreytt námsmat þar sem stuðst er við markmið frá Aðalnámskrá og hæfni nemenda til að skilja og leysa þau markmið sem nemendum eru sett

Námsflokkar	Hæfniviðmið í lok 4.bekkjar	Að nemandi geti	Kennsluhættir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. • Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. • Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. • Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. • Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. • Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá eftirminnilegum atburði með eðlilegri framvindu • Endursagt efni sem hefur verið lesið, hlustað á eða horft og greint frá upplifun sinni. • Tjáð skoðanir sínar • Hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum s.s. að skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir • Á góð samskipti og sýnir kurteisi 	Byrjendalæsi,

<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. • Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta út frá samhengi • Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. • Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings. • Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. • Beitt hugtökum eins og pers, söguþr, umhverfi, boðskap. • Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði s.s. rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. • Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. • Lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. • Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju 	<ul style="list-style-type: none"> • Les lipurt og skýrt. • Nýtir orðforða sinn til að ráða í merkingu orðs út frá samhengi textans. • Tengir þekkingu sína við lesefni til að ná merkingu þess. • Velur sér lesefni sem hæfir áhuga og getu, ýmist úr bókakompu eða á bókasafni. • Les sér til ánægju. • Þekkir hugtakið söguþráður. • Les u.þ.b. 100 orð á mínútu að vori. 	<p>Byrjendalæsi</p>
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. • Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. • Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. • Beitt einföldum stafsetningareglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri 	<ul style="list-style-type: none"> •Skrifar læsilega og dregur rétt til stafs. • Kynnist tengiskrift. • Notar upphaf, meginmál og niðurlag við ritun texta • Getur samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn eða ljóð. • Notar einfaldar stafsetningar við ritun texta, s.s. stóran staf í 	<p>Byrjendalæsi</p>

	<p>bóka, blaða eða rafræns efnis.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. • Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda 	<p>upphafi málsgreinar, stóran staf í sérnöfnum og punkt í lok málsgreinar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað texta á tölvu og nýtt sér einfaldar aðgerðir í ritvinnslu, s.s. að breyta letri 	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. • Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. • Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. • Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. • Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. • Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta. • Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. • Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. • Gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur raðað í stafrófsröð. • Þekkir nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. • Getur búið til málsgrein í texta. • Þekkir mun á sérnöfnum og samnöfnum. • Getur leikið sér með orð og merkingu þeirra með því að fara í orðaleiki. 	Byrjendalæsi

Bekkur: 4. bekkur
Námsgrein: Stærðfræði
Kennarar: Guðrún Elsa og Vigdís Elva
Tímafjöldi: 5

Námsgögn: Sproti 3a/3b æfingahefti, gagnvirkar æfingar Multi, stærðfræði PALS

Námsmat: símat, könnun úr köflum

Námsflokkar	Hæfniviðmið í lok 4. bekkjar	Að nemandi geti	Kennsluhættir
Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> • Skráð fjölda og reiknað með náttúrulegum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga og skráð svör sín með tugakerfisrithætti • Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman. • Notað tugakerfisrithátt. • Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. • Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi. • Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. • Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur talið áfram upp fyrir 10.000. • Skynji hundraðið sem heild og sem grunneiningu til að flýta fyrir talningu. • Hefur vald á ritun í tugakerfi fyrir a.m.k. 4ra stafa tölur. • Getur brotið fjögurra stafa tölur upp í þúsund, hundruð, tugi og einingar. • Getur brotið þriggja stafa tölur upp í hundruð, tugi og einingar. • Getur fundið tölur sem eru 10 minni og 10 stærri en uppgefin tala og 100 minni og 100 stærri en uppgefin tala að 10.000. • Getur tekið af og bætt við einingum, heilum tugum og heilum hundruðum fyrir tölur allt að 1000. 	Innlagnir, verkefnavinna, rafrænt með multi og seesaw.

		<ul style="list-style-type: none">• Getur raðað tölum upp í 10.000 í rétta stærðarröð.• Getur lagt saman og dregið frá tölur a.m.k. upp í 1000.• Veit að margföldun er endurtekin samlagning.• Veit að deiling er endurtekinn frádráttur eða skipting.• Áttar sig á tengslum margföldunar og deilingar. Kann 1 sinni, 2svar sinnum, 10 sinnum, 5 sinnum, 3svar sinnum og 4 sinnum töflurnar utan að (byrja á 2 · 2 o.s.frv.).• Getur námundað að næsta heila tug og heila hundraði.• Kann að leggja saman lóðrétt, líka þegar þarf að geyma.• Kann að draga frá lóðrétt, líka þegar þarf að taka til láns.• Veit hvað almenn brot eru og kann að lesa úr og skrá einföld almenn brot.• Getur afmarkað á flatarmynd hluta sem gefinn er upp með almennu broti.• Getur margfaldað í rúðuneti.• Getur reiknað hvað á að fá til baka. • Notar vasareikni við talnarannsóknir, t.d. í tengslum við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt. Einnig til að	
--	--	--	--

		<p>sannreyna útreikninga.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur skipt jafnt á milli nokkurra. 	
Algebra	<ul style="list-style-type: none"> • Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og örðum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti. • Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð. • Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota ápreifanlega hluti. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur greint mynstur í talnarunum með tölum allt að 1000. • Kynnist því að vinna hlutbundið með óþekkta stærð í einföldum samlagningardæmum 	Innlagnir, verkefnavinna, rafrænt með multi og seesaw.
Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> • Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu • Gert óformlegar rannsóknir á tví-og þrívíðum formum, • Teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu • unnið með mælikvarða og lögun • Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða • Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn • Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekki hugtökin rétt, gleitt, hvasst horn, trapisa, réttthyrndur þríh. og samsíðungur og nefni með réttum heitum. • Getur mælt með reglustiku og málbandi (stöðluðum mælitækjum). • Getur breytt m í cm og öfugt. • Skynji muninn á grammi og kíló. • Þekki samband klukkustunda og mínútna. • Getur lesið af nákvæmni af klukku. • Getur skráð tíma af nákvæmni. • Getur fundið kubba fjölda í þrívíddarbyggingum. 	Innlagnir, verkefnavinna, rafrænt með multi og seesaw.

	<ul style="list-style-type: none"> • Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur mælt ummál samsettra mynda. • Getur talið út hvað samsettar flatarmyndir þekja marga reiti. • Getur lýst eiginleikum ýmissa forma. • Getur fundið staðsetningu myndar í rúðuneti (undanfari hnitakerfisins). • Getur staðsett punkt í rúðuneti. • Veit að tíminn er ekki sá sami alls staðar í heiminum. 	
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> • Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið. • Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. • Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra. • Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð. • Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum 	<ul style="list-style-type: none"> • Sett upp einfalda tíðnitöflu með talningastrikum. • lesið úr súluriti þar sem kvarðinn er skráður á lóðrétta ásinn. • Búið til súlurit þar sem kvarðinn er skráður á lóðrétta ásinn. • Lagt fyrir einfalda könnun og sett niðurstöður fram með súluriti. 	Innlagnir, verkefnavinna, rafrænt með multi og seesaw.

Bekkur: 4.bekkur Námsgrein: Náttúrufræði Kennarar: Vigdís Elva og Inga Jóna
Námsgögn: Þemaverkefni, ljósrit frá kennara
Námsmat: Símat

Námsflokkar	Hæfniviðmið í lok 4.bekkjara	Að nemandi geti	Kennsluhættir
Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum. • Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. • Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gengur vel um. • Getur greint frá ólíkum sjónarmiðum um náttúruvernd, tækni og fleira. • Sýnir frumkvæði og sjálfstæði við heimildaleit. 	Byrjendalæsi, verkefnavinna,
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> • Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. • Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð. • Bent á störf sem krefjast sérþekkingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur fundið lausnir á vandamálum í daglegu lífi eða í umhverfi okkar, út frá hugmyndum um nýsköpun. • Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd bílum og matvælum. 	

<p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. • Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum. • Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. • Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur útskýrt viðfangsefni náttúruvísinda munnlega og myndrænt. • Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í ræðu og riti. • Getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. • Gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. 	
<p>Vinnubrögð og færni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. • Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. • Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. • Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. • Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga. • Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. • Hlustað á og rætt hugmyndir annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. • Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem lestri, vettvangsathugunum og tilraunum. • Getir rætt um náttúrufræðileg efni, bæði í samræðum og í kynningum, og sýnt virka hlustun. • Getur valið sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og unnið með það á fjölbreyttan hátt. 	

<p>Ábyrgð á umhverfinu</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. • Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð. • Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. • Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. • Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi. • Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Getur rætt um umhverfismál og hvernig maðurinn tengist náttúrunni. • Getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. 	
<p>Að búa á jörðinni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í og sagt frá ein földum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi. • Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum. • Lýst landnotkun í heimabyggð. • fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð. • Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks. • Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt sér gervihnatta- og loftmyndir til að lýsa heimabyggð, svo sem náttúrufari og landnotkun. • Tekið þátt í og getur sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi. • Getur lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks. 	

<p>Lífsskilyrði manna</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans. • Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns. • Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi. • Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans. • Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu. • Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir einkastaði líkamans og hvernig bregðast á við ef mörkin eru brotin. • Getur rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu. • Getur nefnt dæmi um skaðleg efni og ýmsa sjúkdóma og sýkla sem eru smitandi. 	
<p>Náttúra Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. • Útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi. • Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. • Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda. • Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi. • Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. • Þekkir villt dýr á Íslandi og helstu einkenni þeirra. • Getur greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi. 	

Heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> • Fjallað um samspil manns og náttúru. • Flokkað úrgang. • Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita. • Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra. • Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur flokkað úrgang og áttar sig á mikilvægi þess fyrir jörðina. • Getur rætt um krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna. • Skilur áhrif hitunar, kælingar og blöndunar algengra efna og eiginleika þeirra. • Getur fjallað um samspil manns og náttúru. 	
Samskip vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> • Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra. • Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum. • Lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita. • Sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla. • Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringins og mikilvægi við geymsluaðferðir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur flokkað gerviefni og náttúruleg efni, til dæmis við flokkun úrgangs. • Getur rætt hvernig uppfinningar hafa breytt lífi fólks, ýmist til hins betra eða verra. • Getur lýst hvernig hljóð berst, til dæmis með tilliti til fjarlægðar og fyrirstöðu. • Getur útskýrt fæðuhringinn og mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu úr öllum flokkum hans. • Skilur að mikilvægt er að geyma matvæli við rétt skilyrði og getur nefnt dæmi um geymsluaðferðir. 	

Bekkur: 4 .bekkur
Námsgrein: Samfélagsfræði
Kennarar: Vigdís Elva og Inga Jóna

Námsgögn: Ýmis verkefni frá kennara skipulögð út frá markmiðum

Námsflokkar	Hæfniviðmið í lok 4.bekkar	Að nemandi geti	Kennsluhættir
Reynsluheimur <i>Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. • Bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu. • Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga. • Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. • Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi. • Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum. • Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. • Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa. • Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir. • Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi. • Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum. • Getur sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á lífshætti fólks. • Getur bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi. • Getur sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu. • Getur velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika. • Getur komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. • Getur sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú. • Getur bent á dæmi um hvernig 	

	<p>og mikilvægi góðrar umgengni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra. • Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu. • Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika. • Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. • Sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú. • Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar. • Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum. • Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni. • Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. • Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa. • Komið auga á dæmi um áhrif biblíunnar á samfélagið. • Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum. • Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna. 	<p>sagan birtist í munum og minningum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttar sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • Getur velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni. • Getur sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. • Kemur auga á dæmi um áhrif biblíunnar á samfélagið. • Getur nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum. 	
--	---	--	--

	<ul style="list-style-type: none"> • Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu. • Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins. • Áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu. • Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi. • Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. • Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu. 		
<p>Hugarheimur</p> <p><i>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. • Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. • Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. • Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. • Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. • Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. • Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans. • Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. • Sett sig í spor annarra jafnaldra. • Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sett sig í spor annarra jafnaldra. • Getur bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. • Getur bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. • Fær fræðslu um hollustu og hreyfingu (6H heilsunnar-skólahjúkrunarfræðingur) 	

<p>Félagsheimur</p> <p>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. • Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. • Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. • Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. • Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, • Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. • Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. • Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. • Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins • Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áttar sig á að fólk hefur ólíkan bakgrunn. • Ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. 	
---	---	--	--

Bekkur: 4.bekkur Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt Kennarar: Inga Jóna og Fjóla Dögg
Námsgögn: Ipad, forrit í ipad, ljósrít frá kennara
Námsmat: Símat jafnt og þétt yfir árið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið við lok 4.bekkjara	Að nemandi geti	Kennsluhættir
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér upplýsingaver til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. • Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. • Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. • Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. • Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur unnið í litlum hópum að ákveðnum verkefnum, s.s. glærukynningum, verkefni um netöryggi o.fl. • Þjálfar fingrasetningu með forritum á mms.is, t.d. Fingrafimi 1 og 2, Fingraleikir. • Kynnist því hvernig unnið er á ólíkan hátt í t.d. Office forritum og öðrum sambærilegum forritum s.s. Google. 	

<p>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. • Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. • Unnið með heimildir. • Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. • Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnur verkefni í samstarfi við umsjónarkennara, s.s. heimildaverkefni. • Þjálfast í að vinna í námsgreinatengdum forritum t.d. mms.is. • Getur notað Excel við framsetningu á tölulegum gögnum, s.s. búið til línurit, súlurit o.fl. • Getur notað leitarvefi til að afla sér upplýsinga. 	
<p>Tækni og búnaður</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna. • Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. • Nýtt hugbúnað við einfalda vefsíð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kynnist grunnatriðum í forritun með forritinu code spark. • Lærir gerð stuttmynda í Toontastic. • Lærir grunnatriði myndvinnslu. • Lærir á forritin Publisher og Excel og vinnur einföld verkefni, s.s. að gera jólakort, súlurit o.fl. • Kunni og geti nýtt sér ýmis kennsluforrit til þjálfunar á námsþáttum tengdum námsgreinum árgangsins. • Getur sett inn og unnið með „bullets“, númer og tölur. 	

<p>Sköpun og miðlun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi • Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt 	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnur kynningar í Power Point í samstarfi við umsjónarkennara. • Vinnur stuttmynd og kynnir fyrir félögunum. • Getur sýnt fram á færni sína með því að vinna ýmis verkefni samkvæmt fyrirætlum kennara. • Vinnur að forritun í ýmsum smáforritum á Ipad. 	
<p>Siðferði og öryggismál</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga. • Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fær kynningu varðandi netöryggi og ábyrgð sem fylgir því að vinna á neti. 	

Bekkur: 4. bekkur
Námsgrein: Íþróttir/sund
Kennarar: Finnbogi Guðmundsson
Tímafjöldi: 3 tímar á viku

Námsgögn: Áhöld í áhaldageymslu í íþróttahúsi og sundlaug

Lykilhæfni: Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 1. - 4. bekk.
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> - Gert æfingar sem reyna á þol - Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi - Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu - Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum - Tekið þátt í stöðluðum prófum - Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni - Synt bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án 	<ul style="list-style-type: none"> - Grunnþjálfun - Grunnur að samhæfingu hreyfinga - Vatnsleikir og æfingar - Einfaldir hópleikir - Æfingar með bolta - Kynning á ýmsum íþróttagreinum - Stöðvabjálfun - Grunnatriði sundtaka - Styrktaræfingar - Knattleikir - Spaðaíþróttir - Frjálsar íþróttir 	<ul style="list-style-type: none"> - 3.sundstig - Stöðumat - Símat

	<p>hjálpartækja stuttar vegalengdir</p>		
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> - Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum - Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum - Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkaman 		
Heilsa- og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> - Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun - Útskýrt líkamlegan mun á kynjum - Notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu - Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn-og afstöðuhugtaka og hreyfingar - Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum - Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum 		

	<ul style="list-style-type: none">- Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs.- Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu og hjólaleiðir nærumhverfis		
Öryggis-og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none">- Farið eftir öryggis-, skipulags-og umhverfisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum		

Lokanámsmat: 3.sundstig og frammistöðumat yfir önnina

Bekkur: 4. bekkur
Námsgrein: Sköpun
Kennarar: Berglind Helgadóttir
Tímafjöldi: 2 tímar á viku

Námsgögn:

Pappír, litir, lím, skæri, málning, pappi, steinar

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Fínhreyfingum eins og að lita, klippa og líma. Skapa úr ólíkum efnivið.	Geta litað, klippt, límt, málað og skapað út frá eigin brjósti	Unnið er með pappír, pappa, steina, skeljar og annað sem okkur dettur í hug að nota í sköpun	Símat. metin er hæfni nemanda að fara eftir fyrirmælum. Metin eru sjálfstæði í vinnubrögðum, virkni í tímum og samvinna með öðrum nemendum.

Bekkur:4.bekkur
Námsgrein:Textílmennt
Kennarar: Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
Tímafjöldi: 4 tímar á viku

Námstögn: Garn, ullarkemba, saumavél, blöð, litir, lím og skæri.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p>Að læra að fingurprjóna. Að læra grunninn í vélsaumi, sauma beint, bakka og snúa við. Að teikna og sauma verkefni Að sauma út í java. Þæfi ullarkembu Prjóni lítið garðarprjónsverkefni</p>	<p>Geti gert stutt puttaprjónsverkefni. Saumi verkefni í saumavél.</p>	<p>Garn í allskonar litum, ólík efni, saumavélar, tvinni, fínar saumnálar, skæri og saumavélaæfingablöð. Saumað í java, Nemendur þæfi ullarverkefni</p>	<p>Símat. Nemandi og kennari meta árangur í lok hvers tíma. Horft er í getu nemanda til þess að fara eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum. Einnig er til mats virkni, vinnubrögð og virðing í garð áhalda.</p>

Bekkur: 4. bekkur
Námsgrein: Heimilisfræði
Kennarar: Finnbogi Guðmundsson
Tímafjöldi: 4 tímar í viku.

Námsgögn: Heimilisfræði 3 og 4. Eldhús og áhöld sem tengjast því.

Lykilhæfni: Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 1. - 4. bekk.
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan farið eftir einföldum leið beiningum um hreinlæti og þrif tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt. 	<p>Kennslan er bæði verkleg og bókleg. Í upphafi tíma er farið yfir uppskriftir og verklega þætti sem nemendur vinna svo sjálfir með aðstoð kennara.</p> <p>Nemendur vinna oftast í hópum í verklegri kennslu og bóklegri.</p>	<p>Leiðsagnarmat fer fram jafnóðum. Við námsmat er tekið tillit til eftirfaranda þátta: virkni í tímum, umgengni um stofunna og frágang.</p> <p>Bókleg og verkleg verkefni sem tengjast hæfniviðmiðum.</p> <p>Inni í á Mentor eru markmið sem hakað er í eftir námsframvindu nemenda í lok lotu.</p>

Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> • útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir • farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld • sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi • nýtt ýmsa miðla til að afla upp lýsinga um einfaldar uppskriftir. 		
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni • skilið einfaldar umbúðamerkingar. 		
Matur og menning	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat. 		

Lokanámsmat:

Símat sem skiptist niður í: Bókleg/verkleg verkefni, hegðun, umgegni og vinnusemi.

Bekkur: 4. bekkur
Námsgrein: Hönnun og smíðar
Kennarar: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

Lykilhæfni: Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 1. - 7. bekk.
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hönnun og smíði	<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt, • gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með. valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar, • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, • gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er 	<p>Innlögn frá kennara í upphafi tíma.</p> <p>Upplýsingatækni nýtt við verkefnaval ásamt bókum, verkefnablöðum og teikningum bæði þeirra eigin og frá kennara.</p>	Leiðsagnamat, símat og frammistaða í tímum.

	<p>að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,</p> <ul style="list-style-type: none">• framkvæmt einfaldar samsetningar, útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,• lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,• valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,• lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,		
--	---	--	--

Lokanámsmat:

Leiðsagnar- og frammistöðumat yfir tímabilið.